

246/47

Fundur haldinn í héraðsráði mánudaginn 20. ágúst 2007 kl. 11:30 í Sæborg Skagaströnd. Mættir voru: Adolf H. Berndsen, Tryggvi Jónsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson og Valgarður Hilmarsson. Fríða Pálmadóttir sat fundinn vegna fyrsta liðar.

Dagskrá:

1. Málefni Sæborgar
  2. Bréf Textilseturs Íslands .
  3. Bréf frá Blönduósbæ
  4. Önnur mál
- 
1. Farið var yfir stöðuna í rekstri Sæborgar, fyrir liggur að Fríða hætti störfum um miðjan okt. n.k. Framkvæmdastjóra falið að ganga til viðræðna við Jökulrós Grímsdóttur um að taka að sér tímabundna forstöðu Sæborgar. Oddvita og framkvæmdastjóra falið að ræða við framkvæmdastjóra HSB um þjónustu við Sæborgu. Framkvæmdastjóra falið að taka saman gögn um hallarekstur stofnunarinnar hliðstætt og gert var á síðasta ári og óska eftir fundum með heilbrigðisyfirvöldum og fjárlaganefnd.
  2. Lagt fram bréf frá Textilsetri Íslands vegna húsnæðismála setursins og nýtingu Kvennaskólans í því augnamiði. Samþykkt að bjóða stjórn Textilsetursins á fund um málið.
  3. Lagt var fram bréf frá Blönduósbæ þar sem kynnt er bókun bæjarráðs frá 13. ágúst þar sem bæjarráð lýsir áhyggjum sínum um rekstur Sæborgar.
  4. Önnur mál. Rætt var um starfsemi héraðsnefndarinnar og var ákveðið að stefna að héraðsnefndarfundum miðvikudaginn 3ja okt. n.k.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.12:45.

-----  
Adolf H. Berndsen

-----  
Valgarður Hilmarsson

-----  
Tryggvi Jónsson

-----  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson